

Mál nr. 377/2015
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar K.

Skip siglir í hlið annars skips og varð fyrir tjóni 25.1.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.1.10.2015 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 26.10.2015 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M segir að hann hafi verið að sigla bátnum KV rólega inn til löndunar og hafi ætlað að leggja utan á bát og þegar hann hafi ætlað að bakka bátnum þá hafi hann ekki tekið í afturábak gir og sigldi KV inn í hlið hins bátsins. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu K hjá V vegna skemmda á bátnum KV og telur að tjónið á bátnum verði rakið til þess að bilun hafi orðið þegar ætlunin var að bakka honum í umrætt sinn. V hafnar bótaskyldu og vísar m.a. til 25. gr. vátryggingaskilmála. Þá vísar V til þess að ekkert liggi fyrir um að tjónið verði rakið til ólögmætrar háttsemi eða eftir atvikum athafnaleysi skipstjóra skipsins eða annarra aðila sem vátryggingartaki beri ábyrgð á, en V segir að sök vátryggingaraðila þurfi að vera fyrir hendi til þess að skilyrði séu til að greiða bætur samkvæmt vátryggingarskilmálum.

Álit.

M byggir bótakröfu sína á að árekstur hafi orðið vegna þess að ekki hafi tekist að koma bátnum KV í afturábak gir. Ekkert er þó í gögnum málsins sem sýnir fram á að bilun hafi orðið í vél- eða tækjabúnaði skipsins þegar atvikið átti sér stað. Í málinu er ekki sýnt fram á sök skipstjórnaða eða því haldið fram að árekstur skipanna hafi orðið vegna ásetnings eða gáleysis. Ekki verður því annað séð en að óhappatilviljun hafi valdið því að áreksturinn átti sér stað. Í 160 gr. siglingalaga nr. 34/1985 segir "Ef áreksturinn varð af óhappatilviljun eða það vitnast ekki að annar hvor aðila hafi átt sök á honum fær hvorugt skipið bættan skaða sinn." M á því ekki rétt á bótum með vísan til 160. gr. siglingalaga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu K hjá V.

Reykjavík 17.11.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.